



**Samantekt á stöðu biðlista eftir völdum skurðaðgerðum að hausti 2022**

Viðmið embættis landlæknis um ásættanlegan biðtíma kveður á um að 80% sjúklinga komist í aðgerð innan 90 daga. Þetta viðmið á ekki við þegar um er að ræða skurðaðgerðir sem metnar eru í brýnum forgangi t.d. vegna lífsógnandi sjúkdóma.

Taflan sýnir hlutfall þeirra sem voru á biðlista eftir aðgerð, annars vegar þann 1. janúar 2022 og hins vegar 1. september 2022, og höfðu beðið lengur en 90 daga. Rauð merking gefur til kynna að viðmið embættisins hafi ekki verið uppfyllt en græn merking gefur til kynna að viðmiðið hafi verið uppfyllt. Örvarnar gefa til kynna hvort þróun breytingar á hlutfallinu, frá síðustu innköllun í janúar 2022, hafi verið jákvæð eða neikvæð.

Athuga skal að þessar tölur eiga við biðtíma þeirra sem skráðir eru á biðlista þegar innköllun á sér stað. Tölurnar sýna því ekki raunverulega bið þeirra sem lokið hafa aðgerð.

Skurðaðgerð	% beðið > 3 mánuði		
	1.jan.22	1.sep.22	Breyting
Skurðaðgerðir á augasteinum	78%	69%	↓
Aðgerðir á hjartalokum	19%	42%	↑
Kransæðaaðgerðir	Einn einstaklingur	Enginn	↓
Hjarta- og/eða kransæðamyndataka, kransæðavíkkunar (PTCA) meðtaldar	3%	10%	↑
Brennsluaðgerðir á hjarta	79%	89%	↑
Úrnám hluta brjósts	21%	21%	↔
Brjóstnám	43%	56%	↑
Aðgerðir til brjóstaminnkunar	76%	89%	↑
Endurgerð brjóst (brjóstauppbýgging)	67%	83%	↑
Aðgerðir v/vélindabakflæðis og þindarslits	89%	92%	↑
Skurðaðgerðir á maga vegna offitu (LSH)	81%	88%	↑
Gallsteinaaðgerðir eða steinbrjóstmeðferð	56%	69%	↑
Valdar aðgerðir á grindarholslíffærum kvenna	59%	66%	↑
Brottnám legs	60%	70%	↑
Aðgerðir á blöðruhálskirtli	14%	33%	↑
Brottnám hvekks um þvagrás (TURP)	50%	81%	↑
Gerviliðaaðgerðir á mjöðm	73%	82%	↑
Gerviliðaaðgerðir á hné	80%	85%	↑



<b>Aðgerðaflokkar eru merktir eftir stöðu:</b>
Meira en 20% hafa beðið lengur en 3 mánuði
Um það bil 20% hafa beðið lengur en 3 mánuði
0-20% hafa beðið lengur en 3 mánuði

<b>Breyting milli ára</b>	
↓	Þróun í jákvæða átt
↑	Þróun í neikvæða átt
↔	Stendur í stað

Sjá má að þróun biðlista frá því í janúar 2022 hefur í flestum aðgerðaflokkum verið neikvæð. Er staðan því sú að enn bíða of margir umfram viðmið embættisins um ásættanlegan biðtíma í öllum nema þremur aðgerðarflokkum. Hlutfall þeirra sem beðið hafa lengur en þrjú mánuði hefur heilt yfir hækkað en á tímabilinu hefur mest aukning orðið á hlutfallinu hjá þeim sem bíða eftir hjartalokuaðgerðum, kransæðamyndatöku/PTCA og aðgerðum á blöðruhálskirtli.

Ítarlegri tölulegar upplýsingar um stöðu á biðlistum má sjá í töflu á [vef embættisins](#) (undir *Tölur um biðlista*).

### Um innsend gögn

Beiðni um gögn yfir stöðu á biðlistum 1. september 2022 og fjölda framkvæmdra aðgerða á undangengnum 12 mánuðum árinu 2021 var send þann 30. ágúst 2022 á aðgerðastaði; Landspítala, Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Akranesi (HVE), Sjúkrahúsið á Akureyri (SAK), Klíníkina Ármúla, Sjónlag og Lentis. Óskað var eftir að gögnum yrði skilað í síðasta lagi 15. september 2022. Síðustu tölur skiluðu sér til embættisins í lok október. Gögnum frá Klíníkinni var eingöngu skilað fyrir liðskiptaaðgerðir og aðgerðir vegna offitu. Ekki bárust gögn frá Sjónlagi.

Í töflunni eru aðeins tölur sem eru samanburðarhæfar milli innkallana. Því eru eingöngu tölur frá Landspítala í flokknum skurðaágerð á maga vegna offitu þar sem Klíníkin sendi ekki inn upplýsingar um þær aðgerðir í janúar 2022. Einnig eru tölur í töflunni yfir hlutfall sem bíður eftir aðgerð á hné og mjöðm eingöngu frá opinberum stofnunum. Upplýsingar frá Klíníkinni um biðtíma eru því ekki inni í þessum tölum. Upplýsingar frá Klíníkinni, meðal annars um fjölda aðgerða, biðtíma og gröf, má hins vegar finna í yfirlitsskjali 2018-2022 sem birt er samhliða þessari töflu á [vef embættisins](#) (undir *Tölur um biðlista*).